

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	Hönnun og textíll (HTL207) Kennsluáætlun (vorönn 2011)	
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Nafn kennara:	Sveina Björk Jóhannesdóttir	Sk.stöfun:	SBJ/KAR
Viðtalstímar kennara:	miðvikudagur kl 11.20-11.55	Netfang:	sveina@vma.is
	Karín Sveinbjörnsdóttir		karin@vma.is

Áfangalýsing:

Nemendur læra að þekkja helstu vefjarefnin, eiginleika þeirra og vinnslu á t.d. ull, bómull, hör, silki og hálf- og algerviefni. Til þess að nemendur skilji betur hvernig vefjarefni verða til fá þeir æfingu í því að kemba og spinna ull, prjóna og þæfa úr henni prufur.

Nemendur læra meðhöndlun og blöndun lita fyrir mismunandi vefjarefni og garn.

Nemendur læra einnig blöndun og notkun litar og hjálparefna sem notuð eru við að mála og þrykkja lit á efni og læra að tileinka sér þær með tilraunum og profuvinnu.

Farið verður í vettvangsferðir á söfn og í fyrirtæki þar sem nemendur fá meðal annars tækifæri til að kynnast vinnslu á prjónavöru, skinum og ull.

Lögð er áhersla á fagleg, frumleg og sjálfstæð vinnubrögð.

Nemendur skila góðri hugmynda- og profumöppu með greinagóðum og upplýsandi texta ásamt dagbók yfir vinnu sína í áfanganum.

Nemendur vinna síðan efni þar sem þeir sýna fram á notkun þess í tengslum við aðra áfanga t.d. FAT 203 og HTL 404 -503 og 603

Áfangamarkmið:

Að nemandi

þekki flokkun textílhraefna í náttúru-, dýra- og gervitrefjar og eiginleika þeirra

þekki mismunandi aðferðir við að vinna ýmis textílhraefni

þekki mismunandi vef- og prjónaaðferðir með tilbúnum efnum

viti hvernig efni í fatnað og til híbýla er valið eftir eiginleikum, gæðum og notagildi

geti litað bæði garn og vefjarefni með kemískum litum

geti valið efni út frá gæðaflokkum

geti flokkað efni út frá trefjum og brunaprófum

þekki staðlaðar alþjóðlegar meðferðamerkingar

þekki þau tæki og áhöld sem þarf við taulitun og meðferð þeirra.

Geri vinnumöppu sem inniheldur ýmsar aðferðir taulitunar og málunar með upplýsandi texta.

þekki helstu tegundir lita og notkun þeirra á textíl

sé eftir áfangann fær um að lita og þrykkja efni uppá eigin spýtur

komi sér upp góðri verkefna og uppskriftabók ásamt tilraunum og profum

geti þróað hugmynd eftir markvissu þróunarferli

kunni að tileinka sé nýngar í gegnum upplýsingamiðla, handbækur og fastímarit

hafi þjálfað litasamsetningu fyrir textílhönnun

geti nýtt sér náttúru og eigin menningu sem uppsprettu hugmynda við eigin vinnu

sér fær um að rökstyðja eigið verk, taka gagnrýni og gagnrýna aðra á jákvæðan hátt

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	Hönnun og textíll (HTL207) Kennsluáætlun (vorönn 2011)	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Námsmat	Lýsing	Vægi
Prufur efni og garn	Ýmiskonar litunar og þrykkaðferðir aðferðir (lokalitun 3 % hvert efni/(garn)	25 %
Mappa með glósum og hugmyndavinnu, gátlisti og dagbók	Glósur úr tímum, uppskriftir fyrir litun og litaspjöld. Hugmyndaöflun og skissuvinna (dagbók og gátlisti gilda 10 %)	25 %
Vinnubók í textílfræði og prufur	Vinnubók og verkefni tengt textílfræðinni, prufur og tilraunir.	15 %
Frammistaða á önn	Frammistaða í tímum, heimavinna og mætingar	10 %
Lokavinna	Stærri efni lituð og þrykkt 3 stk. 7 % hvert (prufuvinna og greinargerð 2 % af hverju lokaefni) 1 þrykkt flík 4 %	25 %

Fjarvistir:

Fjarvistastig í þessum áfanga eru hámark 18 stig hjá Sveinu og 3 stig hjá Karínu eða samtals 21 kennslustund. Ef að fjarvistir verða fleiri verða nemendur að leita til síns kennslustjóra og sækja um leyfi til áframhaldandi setu í áfanganum

Skipulag annarinnar:

Litun og þrykk verður kennt tólf kennslustundir í viku og textílfræðin tvær kennslustundir á viku.

Tegund	Námsgögn
Bækur og hefti	Textílfræði fyrir framhaldsskóla. Ýmsar textílfagbækur. Bækur um litafræði og litasamsetningar
Tímarit	Tísku og hóbýlablöð, textílblöð, tímarit á netinu og svo framvegis.
Myndbönd	Ýmis myndbönd tengd faginu

Innkaup:

Nemendur þurfa að kaupa og eiga góða skissubók, fæst á skrifstofu, möppu fyrir glósur og uppskriftir. Kennsluhefti, Vefjarefnafræði fyrir framhaldsskóla fæst á skrifstofu. Kassa eða möppu undir prufur, blýanta, gúmíhanska eða einnota hanska, pappírsskæri, pappírslím og ritgerðarspjöld á prufur svo eitthvað sé nefnt!

Mjög mikilvægt er að nemendur vinni heimavinnu jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.

Verkefni sem ekki verða sótt á skiladegi annarinnar verða geymd í 1 ár án ábyrgðar!

Með fyrirvara um breytingar Sveina Björk og Karin

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils